

ing, stórfyrirtæki einokuðu útflutningsverslunina og þannig mætti lengi telja.

Adam Smith sá að allar þessar hömlur á starfsemi markaðsins komu í veg fyrir að markaðurinn gæti skilað því mikla verki sem honum var ætlað, sem sé því að nýta framleiðsluþættina á sem hagkvæmastan hátt í samræmi við óskir neytendanna og tryggja þeim vörurnar á legsta hugsanlegu verði. Það er því margt sem við getum enn þann dag í dag lært af Adam Smith þótt meira en 230 ár séu liðin frá því að *Audlegð þjóðanna* kom út.

Verkefni

- 1 Segðu frá Adam Smith, helstu ritum hans og kenningu um markaðinn.
- 2 Hvernig endurspeglar kenningar Adams Smith það þjóðfélag sem hann bjó í?
- 3 Hvers vegna tekst markaðnum ekki að jafna vörugerð á milli landa í heimi frjálsra viðskipta á okkar dögum?
- 4 *Nefnid dömi um ósynilegu hóndina vir niðimanum? Vara sem adnir vilja eru næst blautdold i?*

Karl Marx

5

Karl Marx fæddist árið 1818 í Trier í Þýskalandi. Foreldrar hans voru efnahöfdir gyðingar sem tóku kristna trú til þess að faðir Karls gæti stundað lögfrædistörf. Karl lagði stund á lögfræði, sagnfræði og heimspeki bæði í Bonn og Berlin. Faðirinn vonaðist til þess að sonurinn fetaði í fótspor sin og yrði lögfræðingur en heimspekin freistaði Karls meira en lögfræðin og hann lauk doktorsprófi í heimspeki árið 1841, aðeins 23 ára gamall. Ritgerð hans fjallaði um heimspeki Demókrítosar og Epikúrosar. Að námi loknu varð hann ritstjóri á *Rheinische Zeitung* en það var dagblað sem gefið var út af róttækum vinstrí mónumnum í Þýskalandi. Ritstjórástarf-ið entist honum í fimm mánuði, þá var blaðið lagt niður. Karl fluttist til Parísa og ritstjórdi þar óðru tímáriti, en ritstjórástarf hans einkenndust af hlífðarlausri þjóðfélagsgagnrýni.

Karli hefur verið lýst þannig að hann hafi strax sem ungr maður verið byltingarsinni í útliti. Hann var samanrekinn, dökkr yfirlitum með mikil hár og skegg. Hann var ekki smyrtneminn. Hann var stóreykingamaður og bækur og blöð lágu eins og hrávið um allt eftir hann. Prítugur að aldri giftist hann Jenny von Westfalen sem var prússnesk adalsmannsdóttir. Þau voru bláfátæk alla tið en eignuðust fimm börn. Tvö þeirra dóu ung.



Karl Marx 1818–1883.
„Heimspekingarnir hafa útskýrt he minn á ýmsa vegu, öllu skiptir þó að breyta honum.“

Friedrich Engels



Friedrich Engels
1820–1895.

Varla er hægt að minnast á Karl Marx án þess að nefna um leid vin hans og sálufélag Friedreich Engels. Þegar þeir hittust í París árið 1844 hófðu þeir svo mikil um að tala að sagan segir að þeir hafi talað saman samfellt í tju daga. Þeir treystu dómgreind hvor annars fullkomlega og lásu yfir flest þau skrif sem þeir birtu opinberlega hvor fyrir annan. Bréfaskrástir þeirra fylla margar bækur. Karl varð sífellt áhugasamari um stjórnmal og hagfræði. Hann taldi að markmið heimspeklegrar gagnrýni væri að veikja þjóðfélagið til vitundar um sjálft sig og að varpa ljósi á orsakir þeirra átaka sem þar eiga sér stað. Upphaf allrar þjóðfélags-

gagnrýni voru að hans mati stjórnmálaafskipti eða með öðrum orðum raunveruleg stjórnmalabaráttu.

Auðvaldsþjóðfélagið

Karl Marx fluttist alfarinn til Lundúna árið 1849 eftir að hafa verið gerður útlægur frá Þýskalandi og París. Þaðan í frá varði hann nær öllum tíma sínum til athugana á hagkerfinu. Aðalviðfangsefni hans var auðvaldsþjóðfélagið. Þessu hagkerfi, sem á okkar dögum er betur þekkt sem markaðskerfið, vildi hann kynnast. Hann reyndi að afla sér sem haldbestrar þekkingar á innsta kjarna þess og las fjöldann allan af hagfræðiritum og kymtti sér hugmyndir og skoðanir ólíkra fræðimanna.

Hann eyddi túi árum ævi sinnar í þessar rannsóknir, sat í lestrarsal British Museum frá klukkan níu á morgnana til sjö á kvöldin hvern einasta virka dag vikunnar. Þar sökkti hann sér niður í þessar „fjandans flækjur þjóðhagfræðinnar“ eins og hann kallaði þær.

Framlag Karls Marx til hagfræðinnar.

Karl Marx birti fyrst efni á prenti um efnahagsmál árið 1859, en fyrsta bindi *Das Kapital* eða *Auðmagnsins* kom út í Þýskalandi árið 1867.

Marx lýsir aðstæðum markaðskefisins með eldmóði en greinir þær síðan með köldum rökum. Markmið hans er að komast að innstu tilhneigingum hins kapitalíska hagkerfis eða svokölluðum hreyfilögumálum þess. Hann leitar ekki uppi augljósa galla þess og einbeitir sér að þeim, hanin velur aðra og miklu vandratriði leið. Hann býr til líkan eða módel af fullkomnu kapitalísku hagkerfi þar sem allir gallarnir hafa verið hreinsaðir burtu og telur sig geta sannað með rökum að þessi gallalaus, dauðhreinsaði kapitalismi sé á hraðri leið til heljar. Ef hann getur sannað að svo sé, þá hlýtur raunverulegur kapitalismi með öllum sínum augljósu göllum að vera á sömu leið en auðvitað á enn meiri hraða.

Hann kynnir okkur fyrir heimi hins fullkomna markaðskefis. Þar er engin einokun, ekkert verkalyðsfelag og þar finnast engin sérréttindi, hvorki fyrir fjármagnseigendur né verkamenn. Í þessum heimi er allt selt á réttu verði og hið rétta verð vörunnar er virði hennar. En virði er varasamt hugtak.

Virði

Samkvæmt skilgreiningu Marx er virði vörur allt það vinnufl

sem notað er til að framleiða hana.¹ Ef það tekur verkamanninn tvo tíma að búa til skó en einn tíma að framleiða hatt þá er skóverðið tvísvar sínum hærra en verðið á hattinum.

Hann skiptir vinnuflinu í beint og óbeint vinnufl. Það er óbeint vinnufl í vélinni sem notuð er við að smíða skóna eða sauma hattinn. Þetta er vinnuflid sem notað var til að búa til vélarnar og þetta óbeina vinnufl dreifist á alla þá hatta og skó sem vélarnar framleiða á meðan þær eru notaðar.

Það skiptir ekki málí hvort vinnuflid er beint eða óbeint. Öll framleiðslan kemur frá vinnuflinu. Allar vörur í þessu fullkomna kerfi eru verðlagðar rétt. Þær eru verðlagðar í samræmi við það vinnufl, þaði beint og óbeint, sem fór í að búa þær til.

Verkamaðurinn hefur ekkert að selja á markaðnum nema vinnuflid. Fjármagnseigandinn er alls ekki sem verstur. Hann er eigandi og athafnamaður sem á í stöðugu stríði við keppinauta sína. Hann verður að safna eignum eins og hinir því að heimurinn er harður og eína leiðin til að verða ekki undir í samkeppinum er að safna fjármagni og auka afköstin, annars verður hann undir í samkeppinni.

Marx velti líka fyrir sér spurningunni um gróðann. Hvernig getur gróðinn haldist við fullkomnar samkeppnisaðstæður? Ef allt er selt á því verði sem það er virði – hver fær þá viðbótina eða hagnaðinn sem enginn hefur unnið fyrir? Enginn framleidandi þorir að hækka verð að hræðslu við samkeppnina og ef einhver selur vörur á herra verði en virði hennar er, þá hefur kaupandi vörurnar minni fjármuni til að eyða í aðrar vörur svo eins gróði yrði annars tap.

Hvernig getur orðið til gróði í markaðskefni þar sem allt er selt á réttu verði? Menn getu haldið að hér væri um mótsögn að ræða. Það er auðvelt að skýra gróðann í hagkerfi þar sem einokun ræður ríkjum eða ef við viðurkennum að fjármagnseigandinn greiði vinnuflinu laegri upphæð en sem nemur virði vinnufllags hans. Marx hefur engan áhuga á svo auðveldum skýringum. Það er hið fullkomna gallalausa markaðskefni sem hann ætlar sér að tortíma – ekkert minna.

Karl Marx finnur skýringuna á gróðanum í þeirri þjónustu sem

Hið fullkomna markaðskefni.

Hvar liggja rætur gróðans?

¹ Þetta höfðu reynstar þaði Adam Smith og Ricardo sagt á undan honum.

er ólik öllu öðru – sem sé í vinnunni. Verkamaðurinn selur vinnu sína á sama verði og framleiðandinn vörurna, sem sé á því verði sem hún er virði. Virði vörur og vinnu er það vinnuafl sem fer í að búa til vörurna eða vinnuaflíð.

Seljanleg orka verkamannsins er það vinnuafl sem er nauðsynlegt til að halda honum á lífi. Verðgildi verkamannsins eru því þau laun sem hann þarf til að geta komist af eða svokölluð nauðþurftarlaun. Verkamaðurinn fær það sem dugar til að halda honum á lífi. Ef hann er sex klukkustundir að vinna fyrir nauðþurftum þá fær hann sex klukkustunda laun. En verkamaðurinn vinnur ekki sex stundir á dag, heldur tíu til tólf. Hann framleiðir tíu til tólf stunda verðmæti en fær aðeins greitt fyrir sex. Þessa ógreiddu vinnu kallar Marx gildisaukann. Á þennan hátt getur fjármagnseigandinn grætt en verkamaðurinn fær samt það verðmæti sem er nauðsynlegt til að halda honum á lífi, eða virði sitt.


Framleiðandinn selur vörurna á því verði sem hún er virði og grædir samt því að það er meira vinnuafl falið í vörurnum en sá vinnutími sem hann grædir fyrir. Fjármagnseigandinn einokar einn hlut sem er eignin á framleiðslutakjunum. Ef verkamaðurinn vill ekki vinna fullan vinnutíma þá fær hann enga vinnu. Hann getur ekki krafst þess að fá meira greitt en það sem hann er virði sem framleiðsluvvara.

Kerfið er fullkomlega réttlætt en samt er verkamaðurinn svikinn því að hann neyðist til að vinna lengur en hann þarf til að halda í sér lífinu. Meðalvinnutíminn í baðmullarverksmiðjunum í Manchester á tímum Marx var áttatíu og fjaror stundir á viku og launin dugði rétt fyrir nauðþurftum.

Marx vildi komast að því hvernig þetta fullkomna markaðskerfi tortímdi sjálfu sér. Allir fjármagnseigendurnir græða en þeir eiga í harðri samkeppni sín á milli og reyna allir að safna auði því að þanig geta þeir aukiað fjárfestingar sinar, afköst vinnuflsins og framleiðslna á kostnað samkeppnisáðilanna.

Aukin framleiðsla þarfnast aukins vinnuafls. Þegar fyrirtækin keppa um vinnuaflíð hækka laun þess og gildisaukinn minnkar að sama skapi. Eru það þá launahækkanir sem éta upp allan gróðann? Nei, fjármagnseigendurnir haga sér afar skynsamlega og nota

minna vinnuafl þegar það hækkar í verði. Þeir segja upp fólk og kaupa sér vélar í staðinn.² Verkafolkið verður atvinnulaust því að það hefur verðlagt sig út af markaðnum. Atvinnuleysið lækkar nú launin því að fólkid vill heldur vinna á lægri launum en hafa enga tekjur. En erfiðleikum fjármagnseigandans er ekki lokið. Hann reyndi að bjarga sér á skynsemanni, sparaði vinnuaflíð og vélvæddi þess í stað en það olli atvinnuleysi og lækkaði launin.



**Með því að haga
sér skynsamlega,
þá slátrar hann nú
gæsinni sem verpir
gulleggjunum.**

Þegar fjármagnseigandinn settur upp vélar í stað vinnufls fækkar hann framleiðsluþáttunum sem skapa gróðann. Þegar vélin er keypt greiðir hann fyrir hana nákvæmlega það sem hún er virði. Hann græðir ekkeri á vélinni, einungis á verkamanninum. Ef hann kaupir vélina á 100.000 kr., þá gefur hún af sér 100.000 kr. En ef hann greiðir vinnuflinu fyrir sex stundir fær hann ellefu stunda vinna út úr því. Hann græðir fimm stundir á dag á hverjum manni en ekkeri á vélinni. Það er gildisaukinn sem skapar gróðann. Þegar framleiðandinn fækkar starfsfólkini, þá slátrar hann gæsinni sem verpir gulleggjunum. Hann á samt einskis annars úrkosta. Hann verður að standa sig í samkeppninni við hina framleiðendurna, annars ræna þeir af honum öllum gróðanum.

Nú er hrunið á næsta leiti. Þegar framleiðendurnir segja allir upp fólk miðnar gróðinn, neyslan og launin því að vélarnar taka við af fólkini. Gjaldþrot fylgia í kjölfarið og verkafolkið neyðist til að vinna á launum sem nægja því ekki til framfærslu. Sterkustu fyrirtækin geta keypt ódýrar vélar og grætt á þeim eftir gjaldþrot þeirra sem urðu undir í samkeppninni. Gildisaukinn kemur því aftur og þar með gróðinn. Samkeppnin hardnar, launin hækka, vélar koma í stað manna, gróðinn lækkar á ný og hrunið endurtekur sig. Hyvert hrunið rekur annað. Fyrirtækin verða sífellt færri og stærri og þegar risarnir riða til falls eru endalokin skammt undan.

² Þetta heitir á nútímahagfæðimáli „að skipta úr mannaafrekum framleiðsluaðferðum yfir í fjármagnsfrekar aðferðir“.

Gildisaukinn er lykill- inn að gróðanum.

Verkafólkid verður sifellt fátækara og loks hrynur allt kerfið til grunna af sjálfu sér í tilraunum sínum til að hreinsa út eigin orku, orku sem er sjálfur gildisaukinn. Samkvæmt kenningu Marx er hið stéttlausl þjóðfélag handan við hornið.

Skipting þegnanna sem byggðist á eignarhaldi á framleiðslutækjunum er horfin. Þegar þjóðfélagit eignast sjálfst öll framleiðslutakin er grunninum kippt undan slíkri skiptingu. Marx kallaði þessa þróun markaðskerfisins hreyfilögum þess eins og fyrr segir. Hann spáði því að svona myndi fara og sumir spádoma hans hafa ræst. Gróðinn hefur tilhneigingu til að minnka nema hjá einokunarfyrirtækjunum.

Eina leiðin til að fyrirtækin geti viðhaldið gróðanum til framþúðar er vöxtur hagkerfisins. Þessi vöxtur kallar á sifelldar tækniframfarir og hér komum við að öðrum spáðómi Marx. Það er hin sifellda leit framleiðendanna að nýjum vélum og nýrri tæknii. Marx spáði því að hagkerfin myndu einkennast af endurteknunum hagsveiflum og þar hafði hann rétt fyrir sér. Hann spáði því líka að fyrirtækin yrðu sifellt stærri. Þessi spá var mjög sérstök árið 1867 þegar flest fyrirtæki voru smá og stór fyrirtæki heyrðu til algjörra undantekninga.

Margt í líkani Marx hefur reynst vel til þess að spá fyrir um þróun markaðskerfisins. En hvað um þann spádóm að slík hagkerfi muni að endingu líða undir lok? Sumir benda á að blönduð hagkerfi hafi reynrar alls staðar komið í stað markaðskerfa. Þetta er m.a. vegna þess óstöðugleika sem óheft markaðskerfi búa við og ekki síður vegna þess félagslega óréttlætis sem einkennir slík kerfi.

Spá Marx um þróun markaðskerfisins.

Verkefni

- Segðu frá kenningu Karls Marx um það hvernig fullkomrð markaðskerfi muni eyða sér sjálf.

Markaðsöflin – eftirspurn og framboð

6

Eftirspurn

Það er verðið og tekjur kaupendanna sem ráða mestu um það hversu margar máltiðir eru keyptar og seldar á degi hverjum á ákveðnum matsölnustað. Því lagra verð sem er á máltiðunum og því hærri sem tekjur neytenda eru þeim mun fleiri hafa tök á að kaupa mat í hádeginu – eða, svo að notað sé orðfari hagfræðiminnar, þeim mun meiri er eftirspurnin eftir mat á markaðnum.

Enda þótt menn hafi góðar tekjur og verðið sé ekki ýkja hátt getur vel verið að þeir kjósi heldur að kaupa sér samloku og kók í staðinn fyrir heitan mat. Samanburður á verðinni á samloku og kók og verðinu á máltiðinni í matsölumni hjálpar okkur að ákveða hvort það sé skynsamlegra að kaupa okkur máltið í matsölunni eða kaupa samloku og kók. Eftirspurn eftir vörur fer líka eftir því hvort kaupa þarf eittihvað annað til að geta notað vörurna. Ef miðaverð á auglýsta tónleika á Akureyri er 4.000 kr. þá skiptir það verð e.t.v. ekki öllu máli, heldur miklu frekar verðið á fluginu til og frá Akureyri. Tiskusbraumar og smekkur hafa einnig áhrif á eftirspurn eftir mat. Sumir vilja helst ekki fulla máltið í hádeginu. Þeir vilja kannski fá sér skyr eða jógúrt eða grænmeti og ávexti í hádeginu. Smekkur okkar er misjafn.

Eftirspurn er vilji fólks og geta þess til að kaupa vörur eða þjónustu. Hún lýsir sér þannig að kaupandinn leggur peningana á bordið.